


Alþingi
Erindi nr. Þ 131/958
komudagur 4.3.2005

Allsherjarnefnd
b.t. Sigrúnar Brynju Einarsdóttur
Alþingi
150 Reykjavík

Reykjavík, 1. mars 2005

Meðfylgjandi eru athugasemdir Rauða kross Íslands vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um útlendinga, nr. 96/2002, með síðari breytingum.

Virðingarfyllt,



Atli Viðar Thorstensen,
verkefnastjóri á innanlandssviði Rauða kross Íslands

**Frumvarp til laga um breytingu á lögum um útlendinga, nr. 96/2002,
með síðari breytingum.
(131. löggjafarþing 2004-2005. Þskj. 48. -48. mál)**

Umsögn Rauða kross Íslands

Með bréfi Allsherjarnefndar Alþingis, dagsettu 4. febrúar 2005, var Rauða krossi Íslands gefinn kostur á að gefa umsögn um ofangreint frumvarp. Rauði kross Íslands hefur farið yfir ofangreint frumvarp og fagnar inntaki þess sem lýtur að því að styrkja og bæta réttarstöðu útlendinga og niðja þeirra á Íslandi. Í frumvarpinu felst meðal annars að ákveðinni mismunun gagnvart útlendingum verði aflétt og að ýmsir aðrir vankantar verði sniðnir af núgildandi lögum um útlendinga nr. 96/2002. Telur því Rauði kross Íslands afar brýnt að frumvarpið verði að lögum.

Hér að neðan verður gerð stuttlega grein fyrir einstökum greinum og liðum frumvarpsins.

1. gr. d -liður

Að mati Rauða kross Íslands er breytingartillagan afar mikilvæg því núgildandi lög stuðla að ákveðinni mismunun á milli íslenskra ungmenna og þeirra sem eiga útlenda foreldra eða forráðamenn. Brottfall niðja útlendinga úr skólakerfinu, sérstaklega á framhaldsskólastigi, er áhyggjuefni hér á landi, en núgildandi lög gera þessum hópi beinlínis erfitt eða ómögulegt að stunda nám eftir 18. ára aldur. Er þá viðbúið að skólagönga þessa hóps hér á landi sé á enda og annað hvort að niðjar útlendinga eldri en 18. ára hverfi af landi brott eða verði að hefja þátttöku á atvinnumarkaðnum og er þá fremur líklegt að þeirra bíði láglaunastörf þar sem menntunarkröfur í þeim störfum eru litlar eða engar.

Að mati Rauða kross Íslands lýsir núgildandi ákvæði laganna skammsýni löggjafans og hefur þær afleiðingar að niðjar útlendinga njóta ekki fulls jafnréttis til náms á við íslensk ungmenni og því er mikilvægt að breytingartillagan fái brautargengi.

1. gr. e -liður

Engar athugasemdir.

2. gr. 2. mgr.

Engar athugasemdir.

2. gr. 3. mgr.

Engar athugasemdir. Að öðru leyti vísast til fylgiskjals frumvarpsins sem og greinargerðar þess.